

Skýrsluskil í tengslum við skattframtal 2011

Samanburðarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.25), leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts (RSK 10.26) og afstemmingarblaði vegna blandaðrar starfsemi (RSK 10.27) skal, **eftir atvikum**, skila í tengslum við ársuppgjör og skil á skattframtali 2011. Eyðublöðin má sækja á upplýsingavef ríkisskattstjóra og á starfsstöðvar ríkisskattstjóra. Nú er unnt að skila ofangreindum eyðublöðum með rafrænum framtalsskilum.

1. Samanburðarskýrsla - RSK 10.25

Gerð er krafa til allra þeirra sem stunduðu virðisaukaskattsskylda starfsemi á árinu 2010 að þeir beri virðisaukaskattsskýrslur sínar saman við ársreikning og bókhald.

Ef talið er fram til tekjuskatts á forminu „Skattframtal rekstraraðila“ (RSK 1.04) er samanburðurinn innifalinn í því formi svo sem efni þess segir til um, þó að því tilskildu að viðkomandi aðili hafi aðeins eitt vsk-númer. Að öðrum kosti skal útfyllt „Samanburðarskýrsla virðisaukaskatts“ (RSK 10.25) fyrir hvert vsk-númer og henni skilað með skattframtali 2011, rafrænt eða á pappír eftir atvikum.

Bændur sem skila „Landbúnaðarskýrslu“ (RSK 4.08), þurfa ekki að skila samanburðarskýrslunni þar sem umræddur samanburður er innifalinn í því formi.

Einstaklingar sem skila „Rekstrarskýrslu“ (RSK 4.11) með skattframtali sínu verða jafnframt að fylla út og skila „Samanburðarskýrslunni“ (RSK 10.25).

2. Leiðréttingarskýrsla - RSK 10.26

Komi við framangreindan samanburð fram mismunur skal leiðréttingu komið á framfæri með „Leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts“ (RSK 10.26). Þó skulu þeir sem hafa skemmri uppgjörstímabil en tvo mánuði nota skýrsluformið RSK 10.01.

Feli niðurstaða leiðréttingar í sér greiðsluskyldu skal skýrslunni ásamt greiðslu þegar í stað skilað til innheimtumanns ríkissjóðs.

Í öðrum tilvikum skal skýrslunni skilað til ríkisskattstjóra í síðasta lagi með skattframtali 2011, rafrænt eða á pappír eftir atvikum.

3. Afstemmingarblað - RSK 10.27

Þetta eyðublað er til nota fyrir þá sem hafa með höndum blandaða starfsemi, þ.e.a.s. starfsemi sem er að hluta til virðisaukaskattsskyld og að hluta til undanþegin virðisaukaskatti skv. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Niðurstöðutölu eyðublaðsins skal færa á virðisaukaskattsskýrslu tímabilsins nóv.-des. 2010 fyrir tveggja mánaða skil, júlí-des. 2010 fyrir sex mánaða skil eða jan.-des. 2010 fyrir ársskil. Afstemmingarblaði skal skila til ríkisskattstjóra í síðasta lagi með skattframtali 2011, rafrænt eða á pappír eftir atvikum.

**Nánari upplýsingar og gögn má
fá hjá ríkisskattstjóra og hjá
skattstofum um land allt.**

vefskil virðisaukaskatts

- engar biðraðir ...
- ... engin tímapressa
- enginn pappír ...
- ... auðvelt að greiða
- auðvelt að muna ...
- ... einfaldar bókhaldið
- einföld skil ...